

**131. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
13. júlí 2020 og hófst hann kl. 09:30.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10

Sameiginlegur dagskrárliður Velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráðs, varðandi uppbyggingu Fjöliðjunnar.

Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Ásta Pála Harðardóttir þroskaþjálfari og Árni Jón Harðarsson deildarstjóri sátu fundinn undir þessum líð.

Ráðin leggja til við bæjarráð, að greinargerð starfshóps um framtíðarhúsnæði Fjöliðjunnar að Dalbraut 10, verði höfð til hliðsjónar við uppbyggingu hennar. Starfshópi verði falið að koma með tillögur um samspil húss og lóðar er varðar framtíðaruppbyggingu Fjöliðjunnar.

2. 2007050 - Samstarf um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátt

Viljayfirlýsing Akraneskaupstaðar, Leigufélagsins Bríetar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátta hjá Akraneskaupstað.

Sameiginlegu dagskrárliður velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráðs.

Sævar Freyr Bráinsson bæjarstjóri fór yfir ofangreinda viljayfirlýsingu.

Ráðin þakka fyrir góða kynningu og leggja til við bæjarráð að viljayfirlýsingin verði samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Anna Þóra Þorgilsdóttir
Sveinborg Kristjánsdóttir